

Nd.

401. Breytingartillögur

við frv. til l. um gelding húsdýra.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Á eftir orðinu „staðdeyfingarlyf“ komi: eða svæfingarlyf.
2. Við 2. gr. Aftan við greinina bætist: Ákvæði þetta skerðir þó eigi réttindi skipaðra dýralækna.
3. Við 3. gr. Á eftir „geldingamönnum“ komi: öðrum en dýralæknum.
4. Við 4. gr.
 - a. Á eftir orðinu „staðdeyfa“ komi: eða svæfa.
 - b. Niðurlag 2. málgr. frá orðinu „deyfingarlyfja“ falli niður.
 - c. Aftan við málsgreinina bætist: Hann hlutist og til um, að dýralæknar landsins gefi mönnum kost á því að læra geldingar og meðferð deyfingarlyfja.
5. Við 6. gr. bætist: en framkvæmd þeirra má fresta til 1. maí 1937, að svo miklu leyti sem skortur hæfra geldingamanna gerir það nauðsynlegt.